

Innanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjarnefnd
Sendandi: innanríkisráðuneytið
Dagsetning: 09.02.2011
Málsnúmer: IRR11010452
Bréfalykill: 2.12

Efni: Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum (afnám launagreiðslna lögreglunema í grunnnámi)

Innanríkisráðuneytið vísar til spurninga allsherjarnefndar er bærust ráðuneytinu með tölvupósti 1. febrúar sl. varðandi frumvarp til laga um breyting á lögreglugögum, nr. 90/1996 sbr. þingskj. 656 — 405. mál.

1. Breytingartillagan snertir 2. og 3. önn, hvað nemendur varðar bara 3. önn. Af hverju er skólinn ekki hafinn? (Lögreglusk., irrn.)

Lögregluskóli ríkisins hefur margoð lúst því viðhorfi sínu við ráðuneytið að ekki sé skynsamlegt að byrja lögreglunám við skólann ef ekki er ljóst við skólasetningu hvernig námsferlið og kjör nemenda verða allan námstímamann. Þá liggur fyrir, miðað við niðurskurðarkröfur sem gerðar eru til skólans og erfiðrar rekstrarstöðu lögregluembætta, að núverandi fyrirkomulag gengur ekki lengur vegna fjárskorts. Þar sem ekki var tryggt að lagabreytingin næði fram að ganga og því ekki ábyrgt gagnvart verðandi nemendum við skólann að hefja nám á 1. önn áður en sú breyting sem er forsenda áframhaldandi náms við skólann hafi náð fram að ganga. Þá var ennfremur höfð hliðsjón af mögulegri skaðabótaskyldu ríkisins ef stofnast kynni til réttar nemanda sem hefur nám skv. núgildandi gögum til að krefjast launa á 3. önn, þar sem hann hóf nám sitt í tíð eldri laga

2. Hvernig bar málið að? – Betri skýringar þarf á því að ekkert var gert í málinu fyrir en um miðjan desember. (Lögreglusk., irrn.)

Á 138. löggjafarþingi í þingmáli nr. 586, þingskjali 977, var lagt fram frumvarp um nokkrar skipulagsbreytingar í lögreglu þar á meðal breytingu á ákvæðum 38. gr. um greiðslur til lögreglunema í starfsnámi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þessi breyting sé forsenda þess að hægt sé að taka a.m.k. 20 nemendur í skólann á árinu 2011 að öðrum kosti yrði ekki hægt að taka inn nemendur og engir nemendur yrðu í skólanum á því ári næði breytingin ekki fram að ganga. Það er mjög bagalegt ef lögreglukennsla fellur niður enda nauðsynlegt að viðhalda skólanum og þeirri þekkingu sem þar er innandyra og fjölga menntuðum lögreglumönnum.

Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga.

Í september sl. haust vakti skólastjóri Lögregluskólans athygli ráðuneytisins á því að mikilvægt væri að tekin yrði ákvörðun um inntöku nýnema í skólann og var gerð tillaga um að auglýst yrði eftir nýnemum um mánaðarmótin sept./okt. Í bréfi skólastjórans kom fram að sá dráttur sem hefði orðið á afgreiðslu frumvarps til lögreglugaga, mætti ekki verða til þess að ekki yrði hafist handa við nýtt inntökufarli.

Í byrjun októbermánaðar staðfesti ráðuneytið að stefnt yrði að inntöku nema um áramótin 2010/2011

og féllst ráðuneytið á að auglýst yrði eftir nýnemum en tekið yrði fram í auglýsingu að gert væri ráð fyrir því að 1. og 3. önn yrðu ólaunaðar en lánshæfar. Í framhaldinu var auglýst eftir nýnemum í trausti þess að ofangreint frv. til breytinga á lögreglulögum hlyti afgreiðslu á haustþingi eða fyrir áramót.

Þann 12. október 2010 sendi Lögregluskólinn ráðuneytinu eftirfarandi tillögu að breyttum texta frumvarps til breytinga á lögreglulögum varðandi tilhögun grunnnáms við skólann. Fyrir utan að einfalda textann frá því sem hann var, bjó að baki tillögu skólans að skapa meiri sveigjanleika varðandi námstilhögun en áður, m.a. til þess að geta brugðist við aðstæðum hverju sinni.

Nám í almennum lögreglufræðum við grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins skiptist í bóknám og starfsnám. Heildarlengd námsins skal vera að lágmarki tólf mánuðir og þar af skulu a.m.k. fjórir mánuðir vera starfsnám í lögreglu ríkisins. Bóknámið er ólaunað en Lögregluskóli ríkisins greiðir lögreglunemum mánaðarlaun í starfsnámi þeirra.

Það sem lá að baki tillögu skólans til breytinga og tekið var fram í tölvupóstinum, frá því sem var í frumvarpi til breytinga á lögreglulögum sem var til umfjöllunar á Alþingi á vordögum 2010, var eftirfarandi:

- Til aukins sveigjanleika er lagt til að felldur verði niður texti sem segir að námið skiptist í þrjár annir og að þriðja önn taki við að lokinni starfsþjálfunarönn.
- Sömuleiðis er lagt til að texti varðandi það að viðkomandi lögreglustjóri greiði vaktaálag og annan kostnað sem til fellur verði felldur niður en verði stað þess í reglugerð um skólann auk þess sem rétt er að skólinn og viðkomandi lögreglustjórari geri með sér sérstakt samkomulag um framkvæmd starfsnáms lögreglunema.
- Lagt er til að notuð verði orðin bóknám og starfsnám en ekki starfsþjálfun.
- Lagt er til, í samræmi við kjarasamning LL og fjármálaráðuneytisins, að notað verði orðið mánaðarlaun en ekki grunnlaun.
- Lagt er til, í samræmi við reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar, að í lagatextanum verði notað orðið lögreglunemi.

Í lok nóvember var orðið næsta líklegt að ekki tækist að fá frumvarpið sem áður hafði verið lagt fram á vörþingi samþykkt á Alþingi fyrir áramót. Í byrjun desember var hafist handa við það í ráðuneytinu að útbúa nýtt frumvarp sem kvað eingöngu á um nauðsynlegar lagabreytingar vegna Lögregluskólans í samræmi við tillögur skólans.

Eins og fram kemur í framsöguræðu eins flutningsmanns frumvarpsins, háttv. formanns allsherjarnefndar, er frumvarpið þannig til komið að hæstv. innanríkisráðherra kynnti til sögunnar á lokadögum þings fyrir jól nauðsynlega breytingu sem gera þarf á tilhögun lögreglulaga vegna Lögregluskólans. Meirihluti allsherjarnefndar féllst á að gera þessa breytingu í skyndi, því er bróðurpartur allsherjarnefndar á frumvarpinu.

3. Afhverju flutti rh. ekki stjórnarfrv. eða gaf yfirlýsingu um að slíkt frv. væri á leiðinni? (irrn.)

Innanríkisráðherra fór þess á leit við allsherjarnefnd að nefndin flytti frv. til þess að greiða fyrir samþykkt þess.

4. Hver er líklegur útgjaldaauki LÍN vegna þessa? Er reiknað með honum í fjárveitingum til sjóðsins? (LÍN, irrn.)

Þess er vænst að LÍN svari þessari spurningu.

5. Er reiknað með starfslaunum í fjárveitingum til Lögregluskólans? (irrn., Lsk.)

Rekstraráætlun skólans fyrir árið 2011 tekur mið af niðurskurðarkröfu sem sett hafði verið á stofnunina og gert ráð fyrir launakostnaði vegna 20 nemenda á árinu 2011 í launuðu starfsnámi. Byggðist rekstraráætlunin á því að lagabreyting næði fram að ganga sem gerði ekki ráð fyrir að lokaönnin í skólanum yrði áfram launað nám.

6. Hvernig er áætlað að nemendur á 3. önn kæmu út úr tekjureglum LÍN eftir laun í starfsnáminu? (irrn., Lsk., LÍN)

Þess er vænst að LÍN svari þessari spurningu.

7. Hver er staða nemanna í ljósi 5. og 7. gr. reglugerðar um Lögregluskólann? Nemar á námslánnum hluti eiðsvarins lögregluliðs? (irrn., lögrfélag)

Samkvæmt 29. gr. lögreglulaga skulu allir lögreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa vinna heit þegar þeir hefja störf. Samkvæmt upplýsingum frá Lögregluskólanum þá er hefð fyrir því að áður en lögreglunemar hefja starfsnám þá vinni þeir heitið með formlegri athöfn í Lögregluskólanum.

Þá vill ráðuneytið benda á að þegar lögreglunemar gegna almennum löggæslustörfum í starfsnámi undir stjórn lögreglumanna þá fara þeir með lögregluvald sbr. 8. tl. 9. gr. lögreglulaga sbr. og 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar.

Ráðuneytið bendir á að fjölmargar starfsstéttir sem vinna viðkvæm störf hafa nema við störf undir leiðsögn, sbr. læknar, lögfræðingar, o.s.frv.

8. Framhaldsnám? (gert ráð fyrir 9,6 m.kr. rekstrarkostnaði 2011). Námslán þar líka? (Lsk., irrn.)

Enginn launakostnaður nemenda við framhaldsdeild skólans fellur á Lögregluskólann enda fellur hann á viðkomandi lögregluembætti.

9. Hver er framtíðarstefna í innanríkisráðuneytinu í málefnum Lögregluskólans (sbr. skýrsluna frá 2008)?

Á árinu 2007 var gerður árangursstjórnunarsamningur milli ráðuneytisins og Lögregluskóla ríkisins. Þar kemur m.a. fram að markmið og áherslur Lögregluskóla ríkisins samkvæmt þessum árangursstjórnunar samningi eru:

- Vera hágæða menntastofnun í lögreglufræðum.
- Leggja áherslu á að veita eins góða menntun og þjónustu eins og kostur er.
- Fylgjast með þróun lögreglumenntunar erlendis og nýjungum í starfsaðferðum. Leitast við að nýta alþjóðasamstarf til þess að efla menntun lögreglunnar.
- Leggja áherslu á að efla sérþekkingu innan lögreglunnar.
- Skólinn verði rekinn á sem hagkvæmasta hátt og innan þeirra fjárheimilda sem ákveðnar eru hverju sinni.
- Allt starf skólans verði unnið af sem mestum gæðum og þekkingu.
- Skólinn tileinki sér þau vinnubrögð og nýti sér þá tækni er leiði til sem mestrar skilvirkni í starfi sínu.
- Skólinn fylgi starfsmannastefnu lögreglunnar og tryggi að starfsfólki sé búin góð aðstaða til vinnu og tækifæri til starfsþróunar.
-

Þá var jafnframt kveðið á um að tillögur að langtímaáætlun til næstu þriggja ára, þar sem fram komi

helstu verkefni, forgangsröðun og áherslur á tímabilinu. Haustið 2007 kynnti Lögregluskóli ríkisins fyrir ráðuneytinu drög að langtímaáætlunstofnunarinnar fyrir árin 2007-2011 þar sem fram koma helstu verkefni, markmið og áherslur. Ráðuneytið sendi langtímaáætlunina til umsagnar til embættis ríkislögreglustjóra, Félags lögreglustjóra og Landssambands lögreglumanna. Umsagnir þessarar aðila voru mjög jákvæðar í garð áætlunarinnar og fylgja hér hjálagt til kynningar. Það var mat ráðuneytisins að langtímaáætlunin sé metnaðarfull og gerði ráðuneytið ekki athugasemdir við hana.

Hvað varðar skýrslu sem vísað er til í fyrirspurninni þá mun hér vísað til skýrslu nefndar sem skipuð var af þáv. dómsmálaráðherra á árinu 2008 sem birt er á http://www.innanrikisraduneyti.is/utgefid-efni/skyrslur_til_radherra/nr/6589

Með hliðsjón af niðurstöðum skýrslunnar er ekki fyrirhuguð breyting á því að Lögregluskóli ríkisins verði áfram sjálfstætt lögregluembætti verði í sömu tengslum við embætti ríkislögreglustjóra og önnur lögreglustjóraembætti í landinu, sem og aðra aðila er koma að öryggismálum og að starfsemi hans grundvallist áfram á þeim markmiðum og áherslum sem starfseminni hafa verið sett hingað til.